



Reykjavíkurborg

Alþingi
Erindi nr. P 130/286
komudagur 25.11.2003

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2003

Umsögn

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um fyrirbyggjandi frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, mál nr. 10, brottvísun og heimsóknarbann.

Athugasemdir Barnaverndarnefndar eru eftirfarandi:


Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991

1. Athugasemd er gerð við niðurlag 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Bent á að hvort ekki sé rétt að tiltaka sérstaklega barn sem þolanda ekki bara mann, þe. "...eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu þess manns **eða barns** sem í hlut á."
2. Bent er á að ekki er í greinargerð fjallað um þær sérstöku ástæður sem fyrir hendi geta verið til að hægt sé að heimila framlengingu á brottvísun og heimsóknarbanni skv. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940

1. 4. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála varði sektum. Hér skal bent á 97. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem kveður á um að það varði sektum **eða fangelsi allt að tveimur árum** sé brotið gegn lögsmætum fyrirmælum skv. 37. gr. barnaverndarlaga sem fjallar um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann.

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur


Sigríður María Jónsdóttir, lögfræðingur

Barnavernd Reykjavíkur

Skipholti 50b • 105 Reykjavík • Sími: 535 2600 • Símbref: 535 2699 • Tölvupóstur: barnavernd@fel.rvk.is



Alþingi
Erindi nr. P 139/1164
komudagur 26.2.2004

FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Dagsetning

Tilvisun

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

25. febrúar 2004

Fangelsismálastofnun vísar til bréfs, dags. 29. október sl., er með fylgdi til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann), 10. mál.

Fangelsismálastofnun þakkar fyrir að hafa fengið framangreint frumvarp til umsagnar, en hyggst ekki koma að efnislegum athugasemdum við frumvarpið.

Þorsteinn A. Jónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/399
komudagur 2.12.2003

Til Sigrúnar Brynju Einarasdóttur nefndarritara,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

1. desember 2003

Femínistafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frv. t. laga um breytingu á l. um meðferð opinberra mála og almennum hgl. 10. mál 130 löggjafarþings 2003-2004.


Femínistafélag Íslands leggur til að þetta frumvarp verði samþykkt.

Sú leið sem frumvarpið felur í sér ver hagsmuni fórnarlamba heimilisofbeldis og kemur í veg fyrir að fólk þurfi að yfirgefa heimili sín til þess að forðast ofbeldi.

Tillögur þessa frumvarps byggja á austurrískri löggjöf sem tekin hefur verið upp í Noregi og Svíþjóð. Austurríkismenn hafa verið í fararbroddi varðandi löggjöf sem tengist heimilisofbeldi og var hún notuð sem fyrirmynd m.a. í tillögum nefndar á vegum Jafnréttisnefndar Evrópuráðsins. Þeirri nefnd var ætlað að koma með tillögur um aðgerðir til að draga úr ofbeldi gegn konum og ungum stúlkum. Þær tillögur voru samþykktar sem tilmæli til aðildarríkjanna af ráðherranefnd Evrópuráðsins 2002. (The Protection of Women against Violence – Recommendation (Rec (2002)5 of the Committee of Ministers to member States on the protection of women against violence adopted on 30 April 2002 and Explanatory Memorandum).

Fyrir hönd Femínistafélags Íslands,

Halla Gunnarsdóttir
Ráðskona í Öryggisráði



ÍSÁFJARÐARBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 130/516
komudagur 8.12.2003

Alþingi
Allsherjarnefnd
150 Reykjavík

,17. nóvember 2003
2003100125
SB/--

**Umsögn barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum vegna frumvarps um
breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningar-lögum
(brottvísun og heimsóknarbann). Þskj. 10 – 10. mál.**

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum fagnar framkomnu frumvarpi og telur úrræðið vera þarft og mikilvægt með það í huga í að bæta réttarstöðu brotþola. Barnaverndarnefnd vill þó koma á framfæri nokkrum ábendingum vegna frumvarpsins sem rétt væri að einhverju leyti að taka á í greinargerð með frumvarpinu.

Nefndin telur mikilvægt að tryggt verði að bæði brotþolar og hinir brotlegu fái aðstoð og þjónustu til að vinna sig út úr þeim vanda sem upp er kominn í tilvikum sem þessum og það verði þá ljóst hvaða aðstoð eigi að veita og hver eigi að standa straum að þeim kostnaði, þ.e. hvort það eigi að vera á kostnað ríkis eða sveitarfélags. Vitað er að sú þjónusta sem boðin er einstaklingum sem lenda í erfiðum heimilisaðstæðum er oft mun fjölbreyttari og margþættari á höfuðborgarsvæðinu en út á landsbyggðinni en mikilvægt er að tryggt verði að þeir einstaklingar sem lenda í viðlíkum aðstæðum verði boðin samskonar aðstoð óháð búsetu þeirra. Einnig má velta því fyrir sér hversu viðtæk sú aðstoð ætti að vera sem boðin yrði.

Ekki virðist nægilega ljóst af 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins hver eigi að setja fram kröfu um framlengingu til héraðsdómara. Í greininni segir að ef krafa komi frá brotþola skuli henni beint til héraðsdómara. Eðlilegt er að það komi skýrt fram í lögnum hver það er sem eigi að krefjast framlengingar fyrir dómi, brotþoli eða lögregla eftir kröfu brotþola. Ef brotþoli á að standa að slíku er spurning hvort ekki sé rétt að tryggja honum aðstoð við framsetningu á slíkri kröfu og þeim kostnaði er af því hlýst. Því má einnig velta fyrir sér hvort rétt sé að láta þetta í hendur brotþola þar sem miklar líkur eru á því að brotþoli veigri sér við slíku, þar sem um mjög viðkvæmt mál er að ræða.

Mikilvægt er að tryggja aðstæður hins brotalega, þ.e. að hann hafi tryggt athvarf eftir að honum hefur verið vísað af heimili sínu og aðgang að fatnaði og öðrum nauðsynjavörum. Þá vakna spurningar hver eigi að standa straum að hugsanlegum kostnaði er hlýst af hinum brotlega, s.s. vegna húsnæðis eða úrræða sem honum standa til boða.

Nefndin telur einnig brýnt að lögreglumenn sé vel undir þessa ákvæði búnir, þannig að ljóst sé hvernig þeir eigi að taka á málum sem þessum.

HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSÁFJÖRDUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60

Almennt séð telur nefndin að um mikilvæga breytingu á lögunum sé að ræða sem bæti mjög réttarstöðu brotþola í þeim málum sem hér um ræðir.

F.h. barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum



Snjólaug Birgisdóttir, ráðgjafi

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/310
komudagur 26.11.2003
Kvennakirkjan Laugavegi 59 101 Reykjavík sími 551 3934



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Óskað hefur verið eftir umsögn okkar um frumvarp til laga um breytingu á lögnum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann).

Við styðjum breytinguna.

Við teljum það bæði mikið nauðsynjamál að þau sem þola heimilisofbeldi fái vernd og að þau sem beita því fái hjálp til að hætta ofbeldinu. Við fögnum því að málinu skuli sinnt.

25. nóvember 2003

Stýrihópur Kvennakirkjunnar



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

stofnað 27. janúar 1907.
Hallveigarstöðum.
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 130/935
komudagur 4.2.2004

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri
150 Reykjavík

Reykjavík 2. febrúar 2004

Varðandi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann) Breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum

Kvenréttindafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann). Að mati stjórnar Kvenréttindafélagsins þá felur frumvarpið í sér reglur sem bæta öryggi kvenna og stuðla þannig að auknum réttindum kvenna á Íslandi.

Virðingarfyllt,
f.h. Kvenréttindafélags Íslands

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir
Ragnhildur G. Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/400
komudagur 2.12.2003

Til Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

30. nóvember 2003

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, slysa- og bráðasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss hefur fengið til umsagnar frv. t. laga um breytingu á l. um meðferð opinberra mála og almennum hgl. 10. mál 130 löggjafarþings 2003-2004.

Ég vil eindregið leggja til að þetta frumvarp verði samþykkt.

Það tekur með afgerandi og markvissum hætti á erfiðu máli sem er framkvæmd nálgunarbanns. Sú ráðstöfun sem hér er lögð til mun flýta þessu nú seinlega ferli til mikilla muna og verja hagsmuni þeirra sem beittir eru ofbeldi á heimilum sínum.

Tillögur þessa frumvarps byggja á austurrískri löggjöf sem tekin hefur verið upp í Noregi og Svíþjóð. Austurríkismenn hafa verið í fararbroddi varðandi löggjöf sem tengist heimilisofbeldi og var hún notuð sem fyrirmynd m.a. í tillögum nefndar á vegum Jafnréttisnefndar Evrópuráðsins. Þeirri nefnd sem undirrituð veitti forstöðu var ætlað að koma með tillögur um aðgerðir til að draga úr ofbeldi gegn konum og ungum stúlkum. Þær tillögur voru samþykktar sem tilmæli til aðildarríkjanna af ráðherranefnd Evrópuráðsins 2002. (The Protection of Women against Violence – Recommendation (Rec (2002)5 of the Committee of Ministers to member States on the protection of women against violence adopted on 30 April 2002 and Explanatory Memorandum).

Með vinsemd,

Guðrún Agnarsdóttir yfirlæknir
Neyðarmóttöku vegna nauðgunar
slysa- og bráðasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss
Fossvogi.

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndaritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Reykjavík 20. nóvember 2003.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann) 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 10 – 10. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og fylgja hér athugasemdir og ábendingar nefndarinnar.

Með frumvarpinu er lögð til mikilvæg breyting á lögum um meðferð opinberra mála. Sú íhlutun lögreglu í einkalíf fólks, sem mælt er fyrir um að heimila í frumvarpinu, lýtur að mikilvægum mannréttindum þeirra, sem hlut eiga að máli, þ.e. bæði þolenda heimilsofbeldis, svo og gerenda, sem viðhafa ofbeldi innan veggja heimilisins. Ljóst er að flutningsmönnum frumvarpsins er ljós vandinn sem felst í því að aðgerðir lögreglu beinast að því að svipta gerendurna tímabundið réttinum til friðhelgi heimilisins og reyndar einnig stjórnarskrárvörðum eignarrétti. Laganefnd er hins vegar sammála þeirri afstöðu sem felst í frumvarpinu, að við mat á hagsmunum annars vegar gerenda og hins vegar þolenda verði hagsmunir þeirra síðarnefndu að vega þyngra á metunum. Sér því laganefnd ekki stjórnskipulega annmarka á frumvarpinu á þann veg að það stríddi gegn ákvæðum 71. og 72. gr. stjórnarskrár, ef af lögum yrði. Ljóst er hins vegar, að ýtrustu gát verður að viðhafa við það hagsmunamat.

Þar sem heimild til brottvísunar og heimsóknarbanns viku til hliðar stjórnarskrárvörðum réttindum þess, sem brottvísunin og heimsóknarbannið beinist gegn, er brýnt að vel sé hugað að réttaröryggissjónarmiðum, þegar heimildinni er beitt. Mikilvægt hagsmunamat er lagt á herðar lögreglu, sem brýnt er að hljóti hið fyrsta meðferð fyrir dómstólum. Afstaða laganefndar er því sú að mæla með lögfestingu frumvarpsins með þeirri breytingu á 2. ml. 3. mgr. 2. gr., að lögreglu verði skylt að vísa ákvörðun um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara innan eins sólarhrings. Á sá frestur að vera nægilegur fyrir lögreglu til að leggja ákvörðunina fyrir héraðsdóm. Hinir brýnu hagsmunir sem í húfi eru knýja á um að ákvörðuninni verði vísað til héraðsdóms án tafar. Þá er um að ræða sama frest og lögregla hefur til að leiða handtekinn mann fyrir dómara samkvæmt 67. gr. stjórnarskrár og þykir Laganefnd ástæða til að hafa hliðsjón af þeim fresti í þessu tilviki.

Lokamálsliður 2. mgr. er að mati laganefndar of opin og óljós og takmarkast ekki við líkamlegt og andlegt ofbeldi samkvæmt orðanna hljóðan. Þrátt fyrir að beiting heimildarinnar sé í höndum lögreglu en ekki þeirra sem beint eiga hlut að máli og að ætla verður lögreglu yfirvöldum að beita heimildinni af yfirvegum og í samræmi við upphaflegan tilgang þess, telur laganefnd varhugavert að skilgreina með of rúmum hætti þau tilvik, þar




sem til greina kemur að beita jafn viðurhlutamiklu úrræði og brottvísun og heimsóknarbann er. Telur nefndin nauðsynlegt í þessu skyni að þrengja nokkuð inntak síðustu tveggja linanna í 2. mgr. 2. gr., sem hefjast á orðunum “... eða sýni framferði, sem spillir ...”

Í lokamálslið 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins telur laganefnd að til greina komi eitt af þrennu, að héraðsdómari staðfesti brottvísun eða heimsóknarbann, felli það niður eða breyti ákvörðun lögreglu. Lokamálsliðurinn hljóði því þannig: “... sem skal kanna ástæður fyrir henni og staðfesta ef rökstuðningur er fullnægjandi, en fella niður eða breyta að öðrum kosti.”

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands


Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. p 130/170
komudagur 19.11.2003

Frumvarp til laga


um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum
(brottvísun og heimsóknarbann).

130. löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 10 — 10. mál.

Umsögn félagsmálasviðs Mosfellsbæjar

Félagsmálanefnd Mosfellsbæjar telur að með frumvarpi þessu sé ótvírætt verið að bæta réttarstöðu þeirra einstaklinga sem eru þolendur heimilisofbeldis. Nefndin tekur einnig undir þau orð sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu að ætla má að umrædd breyting sé liður í því að tryggja börnum fullnægjandi öryggi í uppeldi og forða þeim frá því að vera beitt ofbeldi eða að þau þurfi að upplifa á ofbeldi á eigin heimili. Félagsmálanefnd mælir með því að frumvarpið verði að lögum.

Mosfellsbæ 18. nóvember 2003
f.h. félagsmálasviðs


Unnur V. Ingólfssdóttir
félagsmálastjóri

BN/jhb

Reykjavík 25. nóvember 2003.

B.12221/2003.

Borist hefur til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, 10. mál, um brottvísun og heimsóknarbann.

Markmið frumvarpsins er göfugt en ríkissaksóknari álitur að huga þurfi miklu betur að efnisatriðum aðallagagreinar frumvarpsins, skilyrðum brottvísunar af heimili, málsmeðferðarreglum o.fl. og mælir gegn því að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Telur ríkissaksóknari mikilvægt að ákvæðum um brottvísun af eigin heimili, heimsóknar- og nálgunarbanni, þ.e. skilyrðum fyrir að beita úrræðunum, hver taki ákvörðun um að beita þeim og málskotsreglum, verði skipað með samræmdum hætti.

Athygli vekur að í greinargerð með frumvarpinu, kafla þar sem fjallað er „[a]lmennt um frumvarpið” segir að þetta frumvarp fjalli um vægari úrræði en nálgunarbann, sbr. lög nr. 94/2000. Ekki verður annað séð en að úrræði frumvarpsins gangi lengra en úrræði nálgunarbanns enda er hér gert ráð fyrir að unnt sé að víkja manni brott af heimili sínu þrátt fyrir grundvallarreglur um friðhelgi einkalífs.

Vikið verður nokkrum orðum að skilyrðum brottvísunar og málsmeðferðarreglum.

Skilyrði brottvísunar af eigin heimili:

Í greinargerð segir að frumvarpið taki mið af norskum og sænskum lögum en fyrirmynd þeirra sé frá Austurríki.

Í **Noregi** er það skilyrði brottvísunar af eigin heimili að **nærtæk (augljós) hættu** (nærliggende fare) sé á að maður muni drýgja refsiverða háttsemi gegn öðrum manni (person), sbr. 3. mgr. 222a. gr. norsku refsiréttarfarslaganna.

Í **Svíþjóð** er skilyrði brottvísunar af eigin heimili nánast hið sama og í Noregi. **Hætta af manni þarf að vera nærtæk eða augljós** (påtáglig risk) og brot þess sem þola skal brottvísun af heimili sínu gegn sambýliskonu/manni geta verið ofbeldisbrot og brot gegn frelsi og friðhelgi. Frekari skilmálar eru í sænsku lögunum, sbr. 1a. gr. laga 1988:688 um besöksförbud með síðari breytingum, annars vegar um meðalhóf og hins vegar um að sá sem brottvísunin á að vernda skuldbindi sig til að leyfa gagnaðilanum að nálgast persónulegar eigur sínar.

Fyrirmyndin sem sögð er frá **Austurríki** virðist ekki geyma vægari skilyrði brottvísunar af eigin heimili en eftirmyndirnar, sbr. 38a. gr. í lögum um öryggislögregluna nr. 566/1991 með síðari breytingum.

Málsmeðferð:

Bæði í Noregi og Svíþjóð er það hlutverk **ákæranda** að taka ákvörðun um brottvísun, heimsóknar- og nálgunarbann í upphafi eða til bráðabirgða. Orðið heimsóknarbann, besöksforbud, er notað í lögum beggja landa um úrræðin öll og um þau fjallað í samhengi og í sömu lagaákvæðum.

Samkvæmt **norsku lögunum** ber ákærandanum að leggja málið fyrir dómstól eins fljótt og mögulegt er og í síðasta lagi 5 dögum eftir að hann tók ákvörðun sína. Dómstóll kveður síðan upp úrskurð í málinu. Ákvæðin um heimsóknarbann er í refsiréttarfarslögum eins og áður var sagt.

Samkvæmt **sænsku lögunum** getur sá sem þolir heimsóknarbann og einnig sá sem heimsóknarbannið á að vernda óskað þess að ákvörðun ákæranda í málinu verði lögð fyrir dómstól, sem þá tekur ákvörðun í málinu. Ef aðilar hins vegar sætta sig við ákvörðun ákæranda stendur hún þar til annað verður ákveðið. Ákvæðin um heimsóknarbann eru í sérlægum eins og áður var sagt.

Samkvæmt ákvæðum um **nálgunarbann** í lögum okkar um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 gerir lögregla kröfu um nálgunarbann fyrir dómi sem síðan tekur ákvörðun um hvort nálgunarbann verður lagt á. Í nefndarátliti allsherjarnefndar dags. 2. maí 2000 kemur fram að synjun lögreglu um að krefjast nálgunarbanns sé kæránleg til dómsmálaráðuneytis. Þar eð ákvæðum um nálgunarbann er skipað í lög um meðferð opinberra mála og þar meðal ákvæða um þvingunarúrræði við meðferð sakamála telur ríkissaksóknari að eðlilegt hefði verið að lögreglustjóri sem handhafi ákærvalds hefði það hlutverk að gera kröfu um nálgunarbann. Synjun lögreglustjóra um að krefjast nálgunarbanns hefði þá mátt kæra til ríkissaksóknara með sama hætti og aðrar ákvarðanir sem lögreglustjóri tekur á grundvelli laga um meðferð opinberra mála svo sem frávísun kæru, niðurfellingu máls o.s.frv. Með því að kæruleið í framangreindu efni liggur til dómsmálaráðuneytis, eins og áður segir, er nálgunarbannið ekki viðfangsefni ákærvalds og ákvæði um það eiga því heima í lögreglulögum en ekki lögum um meðferð opinberra mála þar sem fyrst og síðast er fjallað um viðfangsefni sem heyra undir ákærvald.

Sem fyrr segir telur ríkissaksóknari að úrræði sem felur í sér heimild til að víkja manni brott af eigin heimili gangi lengra en nálgunarbann. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum hefur lögreglustjóri ekki heimild til að beita nálgunarbanni til bráðabirgða. Meðan lögum er þannig hagað kemur varla til greina að mati ríkissaksóknara að veita lögreglustjóra heimild til að vísa manni brott af eigin heimili til bráðabirgða.



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

Alþingi
Erindi nr. þ 130/287
komudagur 25.11. 2003

Reykjavík
24.nóvember 2003

v/130. löggjafarþing
v/Þskj. 10 – 10. mál

**Umsögn um frumvarp til laga frá
Samtökum um kvennaathvarf**

Um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum
(brottvísun og heimsóknarbann).

UMSÖGN

Samtök um kvennaathvarf lýsa fullum stuðningi við frumvarpið og hvetja eindregið til að það verði samþykkt.

GREINAGERÐ MEÐ UMSÖGN

Heimilisofbeldi er með stærstu heilsufarsvandamálum sem konur glíma við alls staðar í heiminum samkvæmt skýrslu Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar frá 2002. Ísland er þar engin undantekning en í skýrslu dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum frá árinu 1997 kemur fram að 14% íslenskra kvenna hafa verið beittar ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og um 7% hafa verið beittar grófu ofbeldi. Það ber að hafa í huga að þessar tölur eru samkvæmt upplýsingum frá þeim konum sem hafa leitað til bráðamóttöku og gætu því verið vanmat.

Þau tuttugu ár sem Kvennaathvarfið hefur starfað hafa leitað þangað 2.421 kona í dvöl og 2.231 barn hefur fylgt þessum konum. Dvalardagar kvenna og barna eru ríflega 72.000. Að auki hafa fjölmargar konur komið í viðtöl og hringt í neyðarsímann til að leita stuðnings og aðstoðar. Samkvæmt ofangreindri rannsókn frá dómsmálaráðuneytinu leita aðeins 14% kvenna sem verða fyrir ofbeldi til Kvennaathvafsins.

Það er því ljóst að heimilisofbeldi er gríðarlegt vandamál hér á landi og engin merki eru um að það fari dvínandi. Hingað til höfum við tekið á afleiðingunum í gegnum Kvennaathvarfið og félagsþjónustuna, en minna hefur farið fyrir því að ráðast að orsökunum og uppræta með því heimilisofbeldi. Því miður fékk Karlanefnd Jafnréttisráðs ekki aukin framlög til verkefnisins „Karlar til ábyrgðar“ sem var þó mjög athyglisverð tilraun til að vinna á heimilisofbeldi með því að beina sjónum að gerendum.


Hjá Samtökum um Kvennaathvarf verðum við ítrekað varar við að fleiri en ein kona leitar til okkar vegna sama mannsins. Oft er það svo að konur losna ekki úr ofbeldissambandi fyrr en maðurinn hefur fundið sér nýja konu, en litlar líkur eru á að karlmaður sem beitir eina konu ofbeldi láti þar við sitja, ef hann þarf ekki að bera ábyrgð á gjörðum sínum og fær ekki meðferð.

Hluti af því hvernig samfélagið bregst við afleiðingum heimilisofbeldis en ekki orsökum er að fórnarlambið er aðstoðað við að flýja heimili sitt en gerandinn getur setið rólegur á sama stað. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis að nálgast persónulega muni eftir flóttu af heimilinu, og dæmi eru um að ofbeldismaður hafi skemmt eða hent munum fórnarlambs þegar svo ber undir.

Í mörgum tilvikum þar sem um heimilisofbeldi er að ræða þarf lögreglan að hafa afskipti af heimilinu. Kvennaathvarfið á mjög gott samstarf við lögreglu og um 16-20% kvenna sem sækja í athvarfið koma í gegnum lögreglu. Það væri mikil réttarbót fyrir þessar konur að fá að vera um kyrrt á sínu heimili í stað þess að leggja á flóttu. Í þeim tilvikum er þetta frumvarp skref í rétta átt. Við hvetjum eindregið til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Samtök um kvennaathvarf

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/457
komudagur 4.12.2003



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþingi
150 Reykjavík


Reykjavík, 26. nóvember, 2003.

Ég undirrituð hef að beiðni Stjórnar stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa lesið frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann). Ég hef ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt, nema kannski helst að gildistími brottvísunar og heimsóknarbanns geti að hámarki verið 10 sólahringar. Hugsanlega væri þörf á lengri tíma, t.d. tuttugu og einum degi.

Ég er með tvær athugasemdir varðandi greinargerð frumvarpsins. Í fyrsta lagi tel ég að breyta meigi "...horfa á ofbeldi á eigin heimili" í kaflnum "Almennt um frumvarpið" í "...verða vitni að ofbeldi á eigin heimili" þar sem börn geta upplifað mikla vanlíðan út frá því að heyra þegar ofbeldi fer fram eða sjá eftirleik ofbeldis, t.d. glerbrot, blóð eða annað slíkt. Í öðru lagi tel ég að næsta setning á eftir eigi að hljóða svo: "Hafa ber í huga þær afleiðingar sem slíkt getur haft á líðan þeirra og hegðun síðar á ævinni" þar sem rannsóknir sýna að börn sem verða vitni að ofbeldi milli foreldra sýna gjarnan merki um kvíða og þunglyndi og/eða hegðunarerfiðleika.

Virðingarfyllst,

Freydis Jóna Freyseinsdóttir
lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands



Til allsherjarnefndar
Frá Stigamótum

22.11.2003

Umsögn um 10. mál – Brottvísun og heimsóknarbann

Stigamótakonur fagna því að fá tækifæri til þess að tjá sig um þetta langþráða þingmál. Við höfum sl. 3 ár óskað eftir því við þingheim að lögum um nálgunarbann verði fylgt eftir þannig að þau nái líka yfir þá ofbeldismenn sem enn eru í sambúð með þeim konum sem þeir beita ofbeldi. Við viljum þakka Kolbrúnu Halldórsdóttur sérstaklega fyrir hversu skjótt hún hefur brugðist við.

Þó lög um nálgunarbann sé spor í rétta átt, er gildi þeirra takmarkað þar sem þau ná aðeins yfir þá ofbeldismenn sem beita ofbeldi utan heimils síns. Líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn konum er oftast framið af sambýlismönnum þeirra sem hingað til hafa verið friðhelgir heima hjá sér. Lausn samfélagsins hefur því verið að bjarga konunum og börnum þeirra í kvennaathvörfin, sem í raun þýðir það að friðhelgi heimilisins hefur ekki gilt fyrir sambýlisfólk ofbeldismanna. Slikt er óviðunandi og því er hugmyndafræðilegt gildi þessa frumvarps mjög mikilvægt.

Frumvarpið á það sammerkt með vændisfrumvarpinu að endurspegla nýja hugsun um kynferðisofbeldi. Sjóndeildarhringurinn hefur stækkað frá því sem fyrir var. Kynferðisofbeldi er ekki eingöngu skoðað út frá ofbeldinu sjálfu og þeim sem fyrir því verða. Kastljósinu er beint að rótum vandans, ofbeldismönnum sem hafa það í hendi sér hvort það er framið eður ei.

Eftir að Austurríkismenn settu sín lög árið 1997 hafa bæði Svíar og Norðmenn farið að dæmi þeirra og danir hafa gefið loforð fyrir að sams konar lög verði sett í Danmörku á þessu þingi.

Um Austurísku leiðina

Árið 2001 buðum við Rosu Logar frá Austurríki til Íslands á ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold, til þess að kynna Austurísku leiðina. Rósa leiðir ráðgjafarstöðvarnar fyrir þær konur sem fyrir ofbeldinu verða þar í landi og átti ásamt fleirum frumkvæðið að lagabreytingunni. Undirrituð hefur átt þess kost að kynna sér fyrirkomulagið og heimsækja ráðgjafarstöðina í Vín.

Í Austurríki gerist það sjálfkrafa að ráðgjafarstöðvar um heimilisofbeldi fá upplýsingar frá lögreglunni um brottvikninguna með faxi eða með tölvupósti og hafa snarlega samband við sambýliskonur ofbeldismannanna. Þær eru undantekningarlaust boðaðar í viðtal við löglærða ráðgjafa og boðin fagleg ráðgjöf um valmöguleika sína, lögfræðilega stöðu sína og félagsleg úrræði. Ráðgjafarstöðvarnar eru reknar af frjálsum

Stigamót

félagasamtökum en vinna í nánu samstarfi við lögregluna og er um að ræða einstaka samvinnu opinberra aðila og kvennahreyfingarinnar. Samkvæmt austurísku leiðinni er inngripíð því meira en hér er gert ráð fyrir. Hvort Íslendingar ættu að ganga svo langt er umhugsunarefni, það myndi hafa nokkurn kostnað í för með sér, en ætti að sama skapi að vera árangursríkara.

Þáttur lögreglu

Í umsögn Stígamóta um frumvarp um nálgunarbann, lögðum við til að í greinargerð kæmi fram að gert væri ráð fyrir sérstakri fræðslu fyrir lögreglumenn. Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lögreglan framkvæmi svokallað hagsmunamat og vald hennar er því mikið.


Bent skal á að í Noregi þar sem lagaákvæði um nálgunarbann hefur verið í gildi frá 1. janúar 1995, hefur farið fram rannsókn á gildi þess (Anne Kari Braathen og Stine Mollstad Novsjø). Í ljós kom að notkun þess var mjög mismikil eftir lögregluumdæmum, mest á þéttbýlustu svæðunum og nær engin í öðrum. Því miður finnast þar í landi of mörg dæmi um alvarlegt ofbeldi og morð sem hefði mögulega verið hægt að fyrirbyggja með notkun lagaákvæðisins um nálgunarbann. Notagildi ákvæðisins ræðst því fyrst og fremst af því að lögreglumenn og dómara séu vel upplýstir um hvernig það megi og eigi að nota.


Við þetta má bæta að Norðmenn brugðust við niðurstöðum þessarar rannsóknar með því að setja á stofn stöðu lögregluþjóns með sérstaka þekkingu á ofbeldi á heimilum við öll lögregluembætti í Noregi. Tryggt er að lögreglumenn í þeim stöðum fái símenntun og fræðslu. Lögreglan þar í landi hefur gert sérstakt átak í meðferð slíkra mála til þess að tryggja þekkingu og fagmennsku. Með mikilli virðingu fyrir mikilvægum störfum bæði lögreglu og dómara viljum við áréttu mikilvægi þess að lögreglu og dómurum sé gert kleift með fræðslu að vera sem best búin til þess að sinna sínum þætti í framkvæmd laganna.

Að lokum viljum við enn og aftur þakka fyrir að þessi þarfa umræða rati inn í þingsal og skorum á þingmenn að samþykkja frumvarpið.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Stígamóta


Guðrún Jónsdóttir (Rúna)



Alþingi
Erindi nr. þ 130/577
komudagur 10.12.2003

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2003
Tilvísun: UB 0312/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 10. mál, brottvísun og heimsóknarbann.


Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 29. október 2003, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreint frumvarp.

Vegna vinnuálags reynist ekki unnt að veita ítarlega umsögn um ofangreint frumvarp. Ég vil þó taka fram að ég tel það sannarlega spor í rétta átt, í baráttunni gegn því böli, sem ofbeldi á heimilum er börnum, sem öðru heimilisfólki. Í þessu sambandi þykir mér einnig mikilvægt að leggja áherslu á, að samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er litið á barn sem sjálfstæðan einstakling með eigin réttindi. Með vísan til efnis ofangreinds frumvarps vil ég leyfa mér að vekja sérstaka athygli háttvirtrar allsherjarnefndar á 16. gr. sáttmálans þar sem segir: *Eigi má láta barn sæta gerræðislegum eða ólögum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili eða bréfum, né ólögum árásum á sæmd þess eða mannorð. – Barn á rétt á vernd laganna fyrir slíkum afskiptum og árásum.* Þessi sjálfstæði réttur barns til að njóta friðhelgi einkalífs á ekki aðeins við gagnvart opinberum aðilum eða aðilum utan fjölskyldunnar, heldur er mikilvægi hans ekki síst fólgið í því að hann gildir innan veggja heimilisins.



Þetta má ekki gleymast þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum. Í framhaldi af þessu vil ég og minna á skyldur íslenska ríkisins samkvæmt 19. gr. Barnasáttmálans, þar sem segir m.a.: *Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar ... til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.*

Að lokum vil ég geta þess að nýlega gaf embætti mitt út skýrslu um *rétt barna til friðhelgi einkalífs, sjá [hér](#)*. Ég hvet háttvirta allsherjarnefnd til að kynna sér efni þessarar skýrslu.

Virðingarfyllst,

Þórhildur Lindal